

Samþykkt

109
15. okt.

um heyforðabúr Skútustaðahrepps.

Sýslunefndin í Suður-Pingeyjarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 44, 11. júlí 1911, gert eftirfarandi samþykkt um heyforðabúr Skútustaðahrepps.

1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er að styrkja þá menn, sem í heyþröng komast fyrir búpening sinn að vorlagi, með því að hafa til sölu hey, sem sveitarstjórnin hefir umsjón með og lætur úti eftir þeim fyrirmælum er þessi samþykkt setur.

2. gr.

Forðabúrið myndast af heyi því, sem almennur sveitarfundur 5. des. 1910 samþykkti að kaupa í því skyni af fjelaginu »Mývetningur«, 60 vættir, og svo heyi því, sem sveitarstjórnin skal leitast við að afla til viðbótar eins fljótt og unt er, svo að höfuðstóllinn verði að minsta kosti 200 vættir af fullgildu heyi.

3. gr.

Sveitarstjórnin í Skútustaðahreppi sjer um forðabúrið, eins og aðrar eignir hreppsins; hefir hún á hendi rekstur þess, umsjón alla og reikningshald. Allur kostnaður við forðabúrið svo sem heyskapur, geymsla, umsjón og útlát legst á heyið, og kemur fram í verði þess. Árskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði.

4. gr.

Hreppsnefndin skal fyrir lok júlímán. ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um heyforðabúrið fyrir næstliðið fardagaár, ásamt reikningi yfir kostnaðinn við það.

5. gr.

Það skal vera aðalregla, að hey sje eigi látið úti úr forðabúrinu fyrri en fram hefir farið hin lögskipaða útmánaðarskoðun og sveitarsstjórnin hefir fengið skýrslu um fóðurbirgðir manna. Lendi einhver í heyþroti áður, eða sjái þau

fyrir, skal hann, ef hann leitar um heyhjálp til forðabúrsins, kveðja tvo granna **109** sína til að meta fóðurbirgðirnar og gefa um þær vottorð til sveitarstjórnarinnar. 15. okt.

6. gr.

Í samræmi við fyrirmæli 1. gr. skal það vera aðalregla að hey, sem forðabúrið lætur úti, sje borgað í peningum eða öðrum þeim gjaldeyri sem hreppsnefnd tekur gildan. Krafist getur hún og vaxta fyrir þann tíma sem lán stendur. En ef um mikil heyútlát er að gera til einstaks manns, getur hreppsnefnd þó aftur tekið þau í heyi, ef svo um semur, og hún álitur full trygt að heyið sje jafn gott, og eigi bregðist að það sje til, er á þarf að halda

7. gr.

Taki heyforðinn að fynast, svo að sveitarsjórnin áliti nauðsyn til bera, að yngja hann upp, svo að hann rýrni ekki til stórskaða, eða ónýtist, skal hún bjóða heyðið upp, eða á annan hátt leitast við að koma því í sem fylst verð. Hvort sem heyforðinn eyðist fyrir það, að hann er látinn úti í heyskortu, eða af því hann þarf að yngjast skal sveitarstjórnin afla heysins aftur, eins fljótt og mögulegt er.

8. gr.

Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögtaki samkvæmt heimild í lögum nr. 44 frá 11. júlí 1911, um samþykktir um heyforðabúr.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 15. október 1915.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.